

21.janúar 2019

Knarrarósviti á Stokkseyri – minnisblað um rekstrarhugmyndir 2019

Eftir nokkurra ára undirbúning og viðræður við Vegagerðina voru framkvæmdir við Knarrarósvita kláraðar sumarið 2018. Framkvæmdirnar voru til þess að auka öryggi í vitanum og því er hægt að opna vitann almenningi á árinu 2019. Sveitarfélagið þarf þó að setja upp eitthvað ákveðið rekstrarfyrirkomulag sem þyrfti að endurmeta eftir fyrsta árið. Hér að neðan eru hugmyndir um fyrirkomulag fyrsta árið sem og upplýsingar varðandi Akranesvita sem við horfum til sem og mögulegs samstarfs við Byggðasafn Árnesinga til að Rjómabúið og Knarrarósviti virki vel saman enda staðsett mjög nálægt hvort öðru.

Hugmynd að rekstrarformi 2019:

- Atvinnu- og viðburðafulltrúi heldur utan um samninga við þá aðila sem bjóða uppá skipulagðar ferðir í vitann og setur upp tímabókanir svo þessir aðilar séu ekki að rekast á við vitann (yfirbókanir). Hefðum lykil á ákveðnum stað eða lyklabox við vitann sjálfan.
- Atvinnu- og viðburðafulltrúi verður tengiliður fyrir staka hópa sem vilja heimsækja vitann og sér um tímabókanir og greiðslur (skoða með rafrænar greiðslur yfir sumartíma). Myndum hafa lykil til afnota sem þyrfti síðan bara að skila aftur að ferð lokinni.
- Atvinnu- og viðburðafulltrúi/starfsmaður myndi geta tekið að sér móttöku/leiðsögn í vitanum en markmiðið væri að hafa 1-2 heimaaðila sem gætu tekið þetta verkefni að sér þegar svo bæri undir og fengið greitt fyrir (opnunartími og svo utan opnunartíma)
- Ekki væri fastur opnunartími fram á vorið en næsta sumar 1.júní – 15. ágúst væri vitinn með almennan opnunartíma og sveitarfélagið með starfsmann (t.d. úr vinnuskólanum) milli t.d. kl. 13:00 og 17:00 sem gæti leiðbeint og tekið við greiðslum frá ferðamönnum (einst. og hópa) upp í vitann. Mögulega hægt að skoða tvær vaktir og vera líka með starfsmann frá kl. 9:00 – 13:00 ef ábendingar gæfu tilefni til en fyrir hádegi væri líka hægt að beina skipulögðu ferðunum sem væru reglulegar til að minnka mögulega árekstra
- Skoða með samstarf við Byggðasafn Árnesinga til að Knarrarósviti og Rjómabúið nýti styrk hvers annars og geri þetta ákveðna svæði enn áhugaverðar (saga og upplifun). Lýður Pálsson safnstjóri hefur tekið mjög vel í hugmyndina en það þarf að útfæra hana betur í samvinnu beggja aðila.
- September 2019 væri rekstrarformið endurmetið eftir reynslu sumarsins

Grunn rekstrarkostnaður

- Leiga til Vegagerðar **kr. 750.000-** á ári (í fjárhagsáætlun)
- Starfsmaður í gegnum Vinnuskóla **kr. 750.000-** (áætlað)
- Miðað við gjaldskrá (sjá neðar) þurfa því **1500 fullorðnir ferðamenn** að borga sig inn í vitann til að ná upp í áætlaðan grunnkostnað. (1500 manns x 1000 kr. = 1,5 milljón)

Framkvæmdir sem þarf að klára 2019

- Setja upp upplýsingamyndir á toppi vitans sem sýna örnefni fjalla (Í farvegi)
- Upplýsingaskilti um sögu vitans sem væri í anddyri neðst í vitanum (Í farvegi)
- Laga bílastæði þannig að rúta komist fyrir og geti snúið við (Vinna með framkvæmdasviði í vor)

Reynslan af Akranesvita

Höfðum samband við Hilmar Sigvaldason sem hefur verið vítamínstprautan í því að koma Akranesvita á kortið en hann er titilaður „vitavörður“ í dag.

Helstu upplýsingar frá þeim:

01. maí - 15. sept. kl 10 - 18 alla daga vikunar (starfsfólk frá vinnuskóla kemur til aðstoðar)
16. sept. - 30. apr. Kl 11 - 17 þriðjudag til laugardags (lokað sunnudag og mánudag)

Opnun og viðburðir

Akranesviti er í nánú samstarfi við ferðaþjónustufyrirtæki á svæðinu og bjóða uppá opnanir við ýmis tækifæri, brúðkaup, tónleika og aðra sérviðburði. Einnig hafa listamenn haldið myndlistasýningar í vitanum.

Einn starfsmaður frá vitanum er með lykil. Sveitarfélagið er með aukalykil þegar starfsmaður er ekki til staðar og ber þá ábyrgð á að halda utan um fjölda gesta og rukkun.

Þjónusta

Akranesviti er með gestabók á staðnum og auk þess hefur Hilmar, vitavörður, stofnað Facebook, Instagram og Youtube reikninga til að halda utan um viðburði og kynningu á vitanum.

Hilmar mælir eindregið með því að þeir starfsmenn sem eru við vitann (og rjómabúið) hafi áhuga á mannlegum samskiptum og hafi kynnt sér sögu byggingana.

Aðstaða

Salernisaðstaða var engin í byrjun. Síðar kom plastklósett, en í dag er góð aðstaða í húsi ca 150 metra frá vita. Miðasala fer fram í sama húsi, engin vöktun er við inngang í Akranesvita.

Yfirlit yfir fjölda gesta

Fyrir hvern dag er skráður fjöldi gesta og hvaðan þeir koma. Heildarupphæð tekið saman eftir daginn og fær til bókar. Bókhaldi er haldið eins einföldu og hægt er.

Verðskrá í Knarrarósvita

Sem viðmið voru gjaldskrár í Akranesvita og Hallgrímskirkjuturninn skoðaðar.

	Akranesviti	Hallgrímskirkja
Fullorðnir 18 ára og eldri		1.000 kr
Fullorðnir 18-66 ára	300 kr	
Börn, ellilíf.þeg., öryrkjar	- kr	
Börn 7-16 ára		100 kr
Móttaka hópa á opnunartíma	5.000 kr	
Móttaka hópa utan opnunartíma	15.000 kr	
Móttaka skólahópa m/kennara	- kr	

Hugmynd að gjaldskrá fyrir Knarrarósvita árið 2019 gæti verið eftirfarandi og ákveðnar vinnuforsendur með samstarfi við Byggðasafn Árnesinga:

	Knarrarósviti	Knarrarósviti / Rjómabúið
Fullorðnir 18 ára og eldri	1.000 kr	1.500 kr
Börn 11-17 ára	500 kr	500 kr
Börn 10 ára og yngri	- kr	- kr
Ellilífeyrisþegar og öryrkjar	500 kr	700 kr
Hópar 10+ (aðgangur)	700 kr	1.000 kr
Leiðsögn á opnunartíma	5.000 kr	7.500 kr
Leiðsögn utan opnunartíma	15.000 kr	20.000 kr

Bragi Bjarnason
menningar- og frístundafulltrúi

Ólafur Rafnar Ólafsson
atvinnu- og viðburðafulltrúi